

Fundur svæðisráðs vestursvæðis fimmtudaginn 2. nóvember 2017 kl. 9:30, símafundur.

Mætt: Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Heiða Guðmundsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Hákon Gunnarsson, Jóna Björk Jónsdóttir og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

Umsögn um fyrirhugaða virkjun Hverfisfljóts við Hnútu.

Svæðisráð lýsir yfir áhyggjum vegna virkjanaáforma í Hverfisfljóti við Hnútu. En þar sem svæðisráðið hefur ekki formlega stöðu sem umsagnaraðili f.h. þjóðgarðsins getur það ekki beitt sér í málinu, t.d. með umsögn um frummatsskýrslu til Skipulagsstofnunar.

Hins vegar lítur svæðisráðið svo á að þjóðgarðinum og starfsmönnum hans beri ákveðnar skyldur til að stuðla að náttúruvernd og sjálfbærri atvinnuuppbyggingu í nærsamfélaginu, í sátt við náttúruna. Á þeim grunni viljum við benda á eftirfarandi atriði:

Í frummatsskýrslunni kemur fram að öll mannvirki fyrirhugaðrar framkvæmdar eru staðsett á eldhrauni sem hefur verndargildi samkvæmt náttúruverndarlögum og umhverfisáhrif þeirra eru metin frá því að vera nokkuð neikvæð upp í að vera verulega neikvæð. Mannvirkin munu einnig valda varanlegri röskun á óbyggðum víðernum á stóru svæði. Framkvæmdirnar myndu ennfremur hafa neikvæð áhrif á þá sem stunda útiveru og göngur á svæðinu og kjósa að njóta ósnortinnar náttúru og ímynd sveitarfélagsins í heild.

Skaftárhreppur hefur hingað til borið gæfu til að leggja áherslu á að gæta þeirra verðmæta sem felast í ósnortnum víðernum hans, má þar t.d. nefna starf Friðar og frumkrafta - hagsmunafélags atvinnulífs í Skaftárhreppi sem hefur þann tilgang að efla byggð í Skaftárhreppi, fjölga atvinnutækifærum og standa vörð um þau störf sem fyrir eru ásamt því að styrkja markaðsstöðu og ímynd Skaftárhrepps. Þar hefur m.a. verið ályktað um mikilvægi þess að ferðaþjónustuaðilar í hreppnum geti stært sig af að geta boðið gestum sínum upplifun í náttúru sem ekki hafi verið spillt með óafturkræfum virkjunarframkvæmdum.

Í ljósi þessa og þeirra miklu jákvæðu breytinga sem orðið hafa á þróun íbúafjölda og atvinnutækifærum í sveitarfélaginu undanfarin ár er ekki hægt að taka undir þá niðurstöðu skýrsluhöfunda að virkjunin hafi jákvæð áhrif á íbúa og atvinnulíf í sveitarfélaginu. Virkjanir skapa ekki störf utan framkvæmdatímans. Á framkvæmdatímanum myndi framkvæmdin skapa mörg störf en þeim yrði sinnt að nánast öllu leyti af utanaðkomandi vinnuafli, enda er ekki skortur á verkefnum hjá þeim verktökum og þjónustuaðilum sem fyrir eru á svæðinu.

Það má hins vegar vera ljóst að áhrifin gætu orðið talsvert neikvæð fyrir ímynd sveitarfélagsins, sjálfbæra uppbyggingu ferðaþjónustunnar og um leið á upplifun gesta þjóðgarðsins sem ferðast um nærliggjandi svæði fyrirhugaðrar virkjunar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:10